

# Brunavarnaáætlun

2016 til 2020



## Slökkviliðs Fjarðabyggðar

Desember 2015

---

**Efnisyfirlit:**

<b>Samþykkt.....</b>	<b>4</b>
<b>Markmið .....</b>	<b>5</b>
<b>Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar.....</b>	<b>5</b>
Gerð brunavarnaáætlunar .....	5
Endurskoðun brunavarnaáætlunar .....	6
Samráð við gerð brunavarnaáætlunar .....	6
<b>1. Áhættumat.....</b>	<b>7</b>
<b>2. Þjónustustig.....</b>	<b>8</b>
<b>3. Skipulag slökkviliðs .....</b>	<b>10</b>
3.1. Verkefni slökkviliðs .....	11
3.2. Forvarnarstarf .....	12
3.3. Útkallsstarf.....	12
3.4. Annað.....	13
<b>4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....</b>	<b>14</b>
4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf.....	14
4.2. Svar- og greiningartími.....	14
4.3. Boðunartími .....	14
4.4. Virkjunartími .....	14
4.5. Viðbragðstími .....	15
<b>5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður .....</b>	<b>16</b>
5.1. Húsnæði .....	16
5.2. Bifreiðar .....	17
5.3. Búnaður .....	17
5.4. Fjarskipti .....	18
5.5. Viðvörunarbúnaður.....	18
5.6. Æfingarsvæði.....	18
5.7. Annað.....	18
<b>6. Landupplýsingar.....</b>	<b>19</b>
<b>7. Vatnsból og brunahanar .....</b>	<b>19</b>
<b>8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur .....</b>	<b>20</b>
<b>9. Hafnir og mörk þeirra.....</b>	<b>27</b>
<b>10. Samningar og samstarfsaðilar.....</b>	<b>29</b>
<b>11. Flugvöllur, varaafstöðvar .....</b>	<b>29</b>

---

<b>12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun .....</b>	<b>30</b>
12.1. Húsnæði .....	30
12.2. Bifreiðar .....	30
12.3. Menntun og búnaður .....	30
12.4. Framkvæmdaáætlun .....	31
<b>Heimildir .....</b>	<b>32</b>
<b>Viðaukar .....</b>	<b>33</b>
Viðauki 1, útkallssvæði .....	33
Viðauki 2, viðbragðstími .....	34
Viðauki 3, staða menntunar slökkviliðsmanna .....	35
Viðauki 4, æfingaáætlun .....	36
Viðauki 5, kort yfir staðsetningu sveitabæja .....	37
Viðauki 6, samningar .....	40
Viðauki 7, Vatnsverndarsvæði .....	41



## Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir Slökkvilið Fjarðabyggðar samkvæmt ákvæðum í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 frá 1. janúar 2001. Í 13. grein þeirra segir:

*“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.” Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.*

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í sveitarfélaginu. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins og atvinnulífi að fá upplýsingar um þjónustustig, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Fjarðabyggð


3/6 2016

  
F.h Fjarðabyggðar

  
Slökkviliðsstjóri Fjarðabyggðar

  
Reykjavík

3/6 2016

  
F.h Mannvirkjastofnunar

## **Markmið**

Markmið brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Fjarðabyggðar er að uppfylla lög um brunavarnir nr. 75/2000:

*“Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað, að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.”*

*“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á þjónustusvæði slökkviliðsins.”*

Brunavarnaáætlun er ætlað að veita upplýsingar á aðgengilegan hátt um skipulag, starfsemi og þjónustustig Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

## **Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar**

Í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir :

*“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”*

Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Fjarðabyggðar er unnin af slökkviliðsstjóra, Guðmundi Helga Sigfússyni, eftir leiðbeiningum sem gefnar voru út af Brunamálastofnun.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaadstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í dag í heild sinni en því verður lokið fyrir maí 2016.

Ekki eru til viðbragðsáætlanir (slökkvi- og mengunarvarnaáætlanir) fyrir allar stærstu og erfiðustu áhættur á svæði slökkviliðsins. Lokið verður við slíkar áætlanir, fyrir þær áhættur sem eftir eru, fyrir maí 2016. Komi í ljós að áhættur eru meiri en gert er ráð fyrir í þessari áætlun, verður hún endurskoðuð með tilliti til þess.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort:

- tækjakostur slökkviliðs sé nægjanlegur.
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg.
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi.
- slökkvistöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins.

Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að:

- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins.
- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir.
- tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum
- auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana.
- gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins.

Brunavarnaáætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstrarfé fyrir slökkviliðið. Halda skal skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskriftareglur, sem gefa vísbendingu um þá fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að viðhalda tækjabúnaði.

Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í:

- öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu.
- áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu.
- öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum.

Helstu breytingar á starfssvæði Slökkviliðs Fjarðabyggðar, sem áhrif hafa á starfsemi þess og eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára, koma fram í brunavarnaáætluninni.

### **Endurskoðun brunavarnaáætlunar**

Brunavarnaáætlun skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en 5 árum eftir að hún hlaut samþykki, en oftast ef þörf er á. Búnaðar- og tækjalista auk yfirlits yfir menntun slökkviliðsmanna, skal uppfæra reglulega og eigi sjaldnar en árlega. Slík gögn skulu vistuð í rafrænu skjalakerfi Fjarðabyggðar og sendir Mannvirkjastofnun árlega.

### **Samráð við gerð brunavarnaáætlunar**

Eftirtöldum aðilum var gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum við gerð þessarar brunavarnaáætlunar.

- Bæjaryfirvöld Fjarðabyggðar
- Almannavarnanefnd
- Mannvirkjastofnun
- Löggæsluyfirvöldum í Fjarðabyggð
- Neyðarlínan
- Vatnsveita Fjarðabyggðar
- Hafnarsjóður Fjarðabyggðar
- Alcoa Fjarðaál sf
- Olíudreifing
- Vegagerðin

## 1. Áhættumat

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu  $áhætta = líkindi \times afleiðing$

Í þessari áætlun er áhættugreining byggð á huglægu mati, sem byggist á þekkingu og reynslu yfirmanna Slökkviliðs Fjarðabyggðar. Endanlegri áhættugreiningu verður lokið í maí 2016.

Mengunar- og slökkviáætlanir eru til fyrir hluta af stærstu áhættum á starfssvæði slökkviliðsins (Fáskrúðsfjarðargöng, álver, skóla, samkomuhús, hótél og fiskvinnslufyrirtæki). Í maí 2016 verður lokið við slíkar áætlanir á starfssvæði slökkviliðsins.

Við gerð brunavarnaáætlunar hefur verið farið yfir mannvirki í sveitarfélaginu og starfsemi í þeim til að meta stærstu áhættur. Við reglubundið eldvarnaeftirlit eru þessir þættir metnir og endurskoðaðir ef þörf er á.

Stærstu áhættur á starfssvæði slökkviliðsins eru álver, skólar, sjúkrahús, samkomuhús, hótél, fiskvinnslufyrirtæki og jarðgöng. Þetta eru staðir þar sem :

- Mikill mannfjöldi er samankominn í mannvirki.
- Mannvirki sem eru sérstaklega flókin, stór eða með erfiðar aðkomuleiðir.
- Mannvirki þar sem mikið magn er af efnum sem valdið geta mengun og hættu í umhverfinu.
- Mannvirki eða fyrirtæki þar sem verðmætasköpun er þannig að mikið tjón yrði fyrir samfélagið ef það skemmdist eða eyðilegðist í bruna.

Hér fyrir neðan er listi yfir stærstu áhættur á starfssvæði slökkviliðsins að mati stjórnenda :

### Norðfjörður

Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað  
Fiskiðjuver Síldarvinnslunnar  
Loðnuverksmiðja Síldarvinnslunnar  
Olíudreifing birgðastöð  
Nesskóli - grunnskóli  
Verkmenntaskóli Austurlands  
Heimavist Verkmenntaskólans

### Reyðarfjörður

Grunnskóli Reyðarfjarðar  
Olíubirgðastöð Óseyri  
Molinn, verslunarmiðstöð  
Álver Alcoa Fjarðaáls  
Fáskrúðsfjarðargöng

### Eskifjörður

Loðnuverksmiðja Eskju hf  
Grunnskóli Eskifjarðar  
Skeljungur birgðastöð  
Netaverkstæðið, nótahótel

### Fáskrúðsfjörður

Hraðfrystihús Loðnuvinnslunnar  
Fiskimjölverkism. Loðnuvinnslunnar  
Skólamiðstöðin  
Olíubirgðastöð Olíudreifingar

### Stöðvarfjörður

Engar stórar áhættur

### Mjóifjörður

Engar stórar áhættur

## 2. Þjónustustig

Slökkvilið Fjarðabyggðar er blandað lið atvinnumannanna og hlutastarfandi í fjölkjarna sveitarfélagi. Það er engu að síður ein heild, kemur fram sem eitt afl og lýtur einni stjórn. Á starfssvæðinu eru sex misstórir byggðakjarnar sbr. kafla 6. Útkallsdeildir eru á fjórum stöðum. Höfuðstöðvar þess eru í Öryggismiðstöðinni að Hrauni á Reyðarfirði. Þar er atvinnuhluti slökkviliðsins á sólarhringsvakt en megin þjónustusvæði þess er Eskifjörður og Reyðarfjörður. Á Norðfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði eru útkallsdeildir, hver með sína slökkvistöð, bíla og búnað. Ekki er útkallsdeild í Mjóafirði, en þar eru aðrar ráðstafanir gerðar sbr. kafla 3.4.

Í álveri Alcoa Fjarðaáls er hlutastarfandi slökkvilið sem er þjálfað og starfar undir stjórn og ábyrgð slökkviliðsstjóra Fjarðabyggðar skv. samstarfssamningi ( viðauki 6 ).

Þjónustu slökkviliðsins er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustuflokka:

- 1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss*  
Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. Allir slökkviliðsmenn fá reglulega þjálfun í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss.
- 2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun*  
Slökkvilið Fjarðabyggðar sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. Ekki stunda allir slökkviliðsmenn reykköfun. Reykkafarar fá reglulega þjálfun í slökkvistarfi innanhúss og reykköfun.
- 3. Björgun fólks með klippum, glenum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bilflökum*  
Á öllum fjórum slökkvistöðvum eru björgunartæki til björgunar á fastklemmdu fólki. Slökkviliðsmenn fá reglulega þjálfun í meðferð þeirra. Slökkvilið Fjarðabyggðar sinnir þessum þætti.
- 4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun*  
Slökkviliðið sinnir þessum þætti starfsins og fá allir slökkviliðsmenn þjálfun vegna hans. Þungamiðja mengunarviðbragða er á slökkvistöðinni að Hrauni á Reyðarfirði en allar útkallsdeildir sinna minni mengunarslysum. Ef þörf er á er liðsauki og aukinn búnaður sendur af stað frá Hrauni.  
Á Norðfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði er lágmarksbúnaður á hverjum stað, tveir eiturefnabúningar og uppsogsefni. Í Öryggismiðstöðinni að Hrauni á Reyðarfirði eru fjórir eiturefnabúningar (auk æfingabúninga), uppsogsefni og að auki frekari búnaður í sérútbúinni kerru. Slökkviliðið hefur skv. samningi (viðauki 6) við Fjarðabyggðarhafnir umsjón með mengunarvarnargámum Siglingastofnunar sem staðsettir eru við Öryggismiðstöðina að Hrauni á Reyðarfirði.  
Þjálfun er miðuð við að takast á við áhættu og viðbrögð vegna þeirra efna sem eru í notkun á svæðinu, svo sem vegna fiskvinnslu, álframleiðslu og eldsneytis. Listi yfir spilli- og eiturefni á álverslóð er uppfærður reglulega. Við reglulegt eldvarnaeftirlit í fyrirtækjum er farið yfir spilli- og eiturefni í notkun á hverjum stað og lögð áhersla á að til sé listi yfir slík efni sem uppfærður er reglulega. Mappa með öryggisefnablöðum fyrir þau efni sem skráð eru á svæðinu er tiltæk í öllum fyrstu dælubílum slökkviliðsins.
- 5. Eldvarnaeftirlit*  
Eldvarnaeftirliti er sinnt af Slökkviliði Fjarðabyggðar í samræmi við lög nr. 75/2000 og reglugerð 198/1994 um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun. Skoðunarskyldir staðir eru um 379 og fjöldi árlegra skoðana um 270. Skoðunarlisti og tíðnitafla fyrir eldvarnaeftirlit er vistuð á rafrænu formi í skjalakerfi Fjarðabyggðar og uppfærður árlega.



6. Önnur þjónusta

*Dælingar*

Slökkviliðið sinnir ýmis konar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins, fyrirtæki og stofnanir ef á þarf að halda, svo sem að hreinsa upp vatn vegna leka, annast dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl.

*Öryggisvöktun*

Öryggisvöktun er framkvæmd við löndun á bensíni og við önnur atvik samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

*Slökkvistörf í skipum*

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum sem staðsett eru í höfn. Slökkviliðsmenn hafa hlotið viðeigandi þjálfun og gert er ráð fyrir þessum þætti í æfingaáætlun. Í Fjarðabyggð eru stórar hafnir með mikilli umferð skipa og báta.

*Slökkvistörf í jarðgöngum*

Slökkviliðið sinnir slökkvi- og björgunarstörfum í jarðgöngum. Slökkviliðið æfir viðbrögð við óhöppum í jarðgöngum í samræmi við viðbragðsáætlanir. Á starfssvæðinu eru Fáskrúðsfjarðargöng, Oddskarðsgöng og ný Norðfjarðargöng verða tekin í notkun í september 2017 skv. áætlun.

*Flugvöllur*

Slökkviliðið fær þjálfun til að sinna þessum þætti þótt það sinni ekki flugvöllum reglulega. Flugvöllur er á Norðfirði en hann er eingöngu notaður fyrir sjúkraflug. Slökkviliðið er hluti af viðbragðsaðilum við flugvöllinn á Egilsstöðum skv. flugslýsaáætlun.

*Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði*

Slökkvilið veitir aðstoð við slökkvistörf í nærliggjandi sveitarfélögum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra. Samningar eru um þessa samvinnu (viðauki 6) en viðkomandi sveitarfélag greiðir fyrir útkall samkvæmt reikningi.

*Þjónusta við álver Alcoa Fjarðaáls.*

Slökkviliðið hefur gert samstarfssamning um brunavarnir við Alcoa Fjarðaál, dagsettum 15. mars 2007, með viðauka dagsettum 8. febrúar 2013.

*Sjúkraflutningar*


Slökkviliðið hefur með höndum alla sjúkraflutninga í Fjarðabyggð skv. samningi við Heilbrigðisstofnun Austurlands dagsettum 13. febrúar 2012.

### 3. Skipulag slökkviliðs

Markmið skipulagsins er að ábyrgðarsvið séu skýr, boðleiðir á milli yfir- og undirmanna skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé á milli starfsmanna. Í stjórnskipulagi heyrir slökkviliðið undir bæjarráð og bæjarstjóra.

Í Öryggismiðstöðinni að Hrauni eru höfuðstöðvar Slökkviliðs Fjarðabyggðar. Þar eru alls 14 starfsmenn í fullu starfi en auk þess eru 14 hlutastarfandi starfsmenn, búsettir á Eskifirði og Reyðarfirði. Hluti þeirra (sex menn) eru einnig í slökkviliði Alcoa Fjarðaáls. Unnið er á fjórskiptum 12 tíma vöktum. Á hverri vakt eru að lágmarki tveir menn en yfirmannað er þannig að þrír eru utan orlofstímabila á þremur af fjórum vöktum. Á dagvinnutíma eru slökkviliðsstjóri, aðstoðarslökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlitsmaður á stöðinni. Brunavörður í aðkomuhliði álvers er ávallt til taks auk tveggja hlutastarfandi slökkviliðsmanna, til að manna stöð ef hún verður mannlauus. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn eru alls 96. Hlutastarfandi sjúkraflutningamenn sem ekki hafa þjálfun slökkviliðsmanna eru alls 13, sex á Fáskrúðsfirði og sjö á Norðfirði. Alls eru því 123 í slökkviliðinu. Þar af eru í slökkviliði Alcoa Fjarðaáls 43 (þar af sex í hlutastarfandi liði SLFB) hlutastarfandi menn. Samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita og slökkviliðs. Á útkallslista björgunarsveita í Fjarðabyggð eru 143 menn. Á Norðfirði eru 71, Eskifirði 18, Reyðarfirði 25 og Fáskrúðsfirði 29. Slökkviliðið er hluti af almannavarnarkerfi Fjarðabyggðar og sinnir brunavörnum, mengunarslysum, öryggisvöktun og björgun fólks í samvinnu við aðra björgunaraðila. Slökkviliðið sinnir sjúkraflutningum í Fjarðabyggð.

### Skipulag slökkviliðs Fjarðabyggðar



#### *Skipuritið sýnir skipulag slökkviliðs og fjölda starfsmanna hjá slökkviliðinu*

Slökkviliðsstjóri, og aðstoðarslökkviliðsstjóri í fjarveru hans, sinnir daglegri yfirstjórn og ber ábyrgð á að rekstur slökkviliðsins sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem um það gilda. Slökkviliðsstjóri, aðstoðarslökkviliðsstjóri og eldvarnaeftirlitsmaður eru allir í 100% starfi og skipta með sér bakvöktum. Ávallt er stjórnandi á bakvakt utan dagvinnutíma. Varðstjórar eru í hlutastarfi (7 – 25 %) í útkallsdeildunum á Norðfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

**Dagleg yfirstjórn felst í að:**

- Stjórna starfseminni, samræma og tryggja að liðið vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem sett eru og í samræmi við þjónustustig.
- Sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að heildarstarfsemin sé innan fjárheimilda.
- Stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum sem slökkviliðið þjónar í sveitarfélaginu og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni, æfingar og menntun starfsmanna, sé í samræmi við þjónustustig, lög og reglugerðir.
- Uppfæra og viðhalda yfirliti yfir búnað, mönnun, þjálfun og menntun.
- Útbúa og varðveita skýrslur og dagbækur um æfingar, útköll og verkefni liðsins.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.
- Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megindráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum.

### 3.1. Verkefni slökkviliðs

Slökkvilið Fjarðabyggðar sinnir öllum þáttum slökkvistarfa og sjúkraflutningum í Fjarðabyggð. Gildir það um vatnsöflun frá brunahönum, opnum vatnsbólum eða tankbílum þar sem það á við. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss og vinna að reykköfun og reyklosun. Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi í skipum sem eru bundin við bryggjur, gróðureldum, mengunarslysum á landi og í höfnum, björgunarstörfum m.a. með klippum og glennum í umferðaróhöppum, stóriðju og jarðgöngum. Ekki eru allir liðsmenn færir um að stunda reykköfun og efnaköfun af ýmsum ástæðum og ekki hafa allir aukin ökuréttindi til að stjórna stórum bifreiðum. Fjöldi reykkafara og bílstjóra þarf þó að vera nægur í hverri útkallseiningu þannig að tryggt sé að viðkomandi slökkviþætti sé hægt að sinna.

Slökkviliðið sinnir forvörnum og eldvarnaeftirliti í öllu sveitarfélaginu, daglegri umhirðu húsnæðis, bifreiða og búnaðar og sér um æfingar og þjálfun starfsmanna. Slökkviliðið sinnir aðstoð við slökkvistörf í nágrannasveitarfélögum samkvæmt beiðni og samningi þar um, sem vistaður er í tölvukerfi slökkviliðsins. Samningur er við Breiðdalshrepp og Brunavarnir á Austurlandi um gagnkvæma aðstoð. Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöðvunum og æfingar miðast við að allir geti unnið þau störf í samræmi við menntun, þjálfun og þjónustustig.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna.

Gert er ráð fyrir að slökkviliðið sinni eftirfarandi verkefnum þótt það sé ekki áskilið í lögum og reglugerðum:

- Aðstoð við slökkvistarf á flugvelli í samráði við Isavia, en Isavis ber ábyrgð á mannskap og búnaði.
- Viðbragð vegna mengunar í höfnum Fjarðabyggðar.
- Kennsla og þjálfun starfsfólks, fyrir ýmsa aðila, vegna vinnu í lokuðum rýmum.
- Kennsla almennings í meðferð slökkvitækja og aðstoð við gerð viðbragðsáætlana.

### 3.2. Forvarnarstarf

Til forvarna telst :

- Eldvarnaeftirlit, úttektir, umsagnir og skoðanir skv. reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga
- Upplýsingar og fræðsla um eldvarnir og öryggismál fyrir öll skólastig og almenning.
- Rýmingar- og viðbragðsæfingar auk aðstoðar við gerð áætlana þar um.
- Ráðgjöf til hönnuða.
- Yfirferð aðaluppdráttu mannvirkja í samstarfi við byggingarfulltrúa.
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á eldvarnaeftirliti og forvörnum en dagleg framkvæmd og umsjón er hjá eldvarnaeftirlitsmanni sem er í 100% stöðugildi. Allir í atvinnuhluta liðsins koma að vinnu við forvarnir og/eða eftirliti eftir því eftir því sem þörf krefur. Eldvarnaeftirlitið er metið um 1,4 stöðugildi. Slökkviliðsstjóri hefur aðkomu að því og slökkviliðsmenn á vakt hverju sinni aðstoða við eftirlitið, eftir því sem tækifæri er til.

Þeir sem stjórna og sinna eldvarnaeftirliti skulu hafa lokið tilskilinni menntun, Eldvarnaeftirlitsmaður I, II og III hjá Brunamálaskólanum eða sambærilegri menntun viðurkenndri af skólanum. Aðrir sem sinna eldvarnaeftirliti skulu a.m.k. hafa lokið námskeiði Eldvarnaeftirlitsmaður I hjá Brunamálaskólanum. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans og slökkviliðsins.

Listi um skoðunarskilda staði er vistaður í tölvukerfi slökkviliðsins. Í dag eru skoðanir gerðar í forritinu Brunaverði sem vistaður er hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins.

### 3.3. Útkallsstarf.

Slökkviliðsstjóri samhæfir búnað, þjálfun og menntun starfsmanna. Á starfssvæði slökkviliðsins eru fimm starfseiningar :

- útkallseining Norðfjörður.
- útkallseining Reyðarfjörður.
- útkallseining Fáskrúðsfjörður.
- útkallseining Stöðvarfjörður.
- útkallseining álvers, að mestu ætluð vá í álveri en einnig utan þess skv. samningi.

Útkallseiningar Slökkviliðs Fjarðabyggðar vinna saman sem ein heild við stærri atburði. Ef aðstæður gefa tilefni til, eru fleiri en ein eining ræst út samtímis. Viðbragð um aðstoð, frá næstu slökkvistöð liðsins, er um 20 – 40 mínútur, en styttri tíma tekur að fá aukinn mannskap á staðinn. Einn stjórnandi er ávallt á bakvakt, sinnir útköllum á öllu starfssvæði slökkviliðsins og samræmir aðgerðir.

Ekki er tekið allt viðbragð í burtu frá hverri stöð nema í algerri neyð.

Ávallt skulu a.m.k. 60% af fjölda slökkviliðsmanna á hverjum stað hafa reykköfunarréttindi.

Slökkvilið Alcoa Fjarðaáls kemur til aðstoðar við vá utan lóðar Fjarðaáls þegar þess er óskað. Ávallt skulu a.m.k. 80% slökkviliðsmanna í álveri hafa reykköfunarréttindi. Slökkviliðsstjórinn í Fjarðabyggð ber ábyrgð á þjálfun og stjórn slökkviliðs Alcoa Fjarðaáls skv. samstarfssamningi ( viðauki 6 ).

Lögð er áhersla á samnýtingu á slökkviliðsmönnum á milli allra útkallseininga, þannig að liðið vinni sem ein heild. Fagleg og rekstrarleg ábyrgð er hjá slökkviliðsstjóra og bera aðrir stjórnendur (aðstoðarslökkviliðsstjóri, stjórnandi á bakvakt, varðstjórar) faglega ábyrgð

gagnvart honum. Varðstjórar útkallseininga eru við stjórnun á vettvangi í umboði og samráði við slökkviliðsstjóra og/eða stjórnanda á bakvakt þar til hann kemur á staðinn, nema þeir taki ákvörðun um annað.

Allir slökkviliðsmenn fá menntun og þjálfun í að leysa þau verkefni sem slökkviliðið sinnir samkvæmt skilgreindu þjónustustigi.

Æfingaáætlun er gerð fyrir hvert ár og er vistuð ásamt æfingaskýrslum á tölvukerfi slökkviliðsins. Þar er að finna skilgreiningu og lýsingu á hverri æfingu ásamt mætingu.

Með æfingaáætlun skal tryggt að skilyrðum laga og reglugerða um æfingatíma slökkviliða sé fullnægt. Þannig eiga reykkafarar að fá 25 tíma í þjálfun á ári og almennir slökkviliðsmenn að lágmarki 20 tíma á ári og háð þjónustustigi. Á æfingum er lögð megináhersla á eftirtalda þætti; slöngulagnir, vatnsöflun, dælingar, reykköfun, reyklosun, klippur og björgun, húsbruna, bílbruna, mengunarslys, hættuleg efni, notkun stiga, lokuð rými, öryggismál, vettvangsskoðanir, slökkvi- og viðbragðsáætlanir, uppbyggingu og stjórnun, fjarskipti, jarðgöng, skyndihjálp, skip og flugvélar. Endurmenntun slökkviliðsmanna fer fram á æfingum og námskeiðum á vegum slökkviliðsins og Brunamálaskólans.

Skipulögð símenntun er viðbót við reglubundnar æfingar atvinnuliðsins. Þá taka atvinnumenn þátt í þjálfun hlutastarfandi manna eftir ákveðnu kerfi.

Lögð er áhersla á að skoða reglulega stærstu brunaáhættur á hverju svæði, tryggja þekkingu slökkviliðsmanna á þeim og æfa viðbrögð.

Æfingar slökkviliðsmanna eru allar skráðar til að góð yfirsýn sé yfir þjálfun þeirra.

### 3.4. Annað

- Viðbragðs -og aðgerðaáætlun Alcoa Fjarðaáls fyrir álverið er til staðar. Starfsmenn Öryggismiðstöðvar að Hrauni fara reglulega í skoðunarferðir í byggingar á álverslóð í fylgd með öryggisvörðum og stjórnendum, til að kynna sér og þekkja aðstæður þar. Hlutastarfandi menn fara sjaldnar í skoðunarferðir í álverið.
- Tvenn jarðgöng eru á svæði Slökkviliðs Fjarðabyggðar, Oddskarðsgöng (640 m) og Fáskrúðsfjarðagöng (5.900 m). Í jarðgöngum eru slökkvitæki með reglubundnu millibili ásamt búnaði til að kalla eftir aðstoð.
- Unnið er eftir viðbragðsáætlun Vegagerðarinnar fyrir Fáskrúðsfjarðagöng. Viðbragðsáætlun fyrir Oddskarðsgöng er ekki til. Slökkviliðið skipuleggur og heldur æfingar í viðbrögðum og björgun úr jarðgöngum að meðaltali einu sinni á ári skv. viðbragðsáætlun og í samráði við Vegagerðina.
- Í Mjóafirði felst viðbúnaður slökkviliðs í auknum reglulegum forvörnum fyrir íbúa og eftirliti með viðvörunarbúnaði heimila og skóla. Í Sólbrekku (skóli, samkomuhús) er auk hefðbundinna slökkvitækja, eitt 50 ltr. léttvatnstæki og í húsi (Eyri) í hinum enda þorpsins er annað 50 ltr léttvatnstæki. Þessum tveimur tækjum hafa íbúar ávallt aðgang að ef á þarf að halda og merki á húsunum sem gefur staðsetningu þeirra til kynna. Þá eru reykskynjarar og a.m.k. tvö slökkvitæki í hverju íbúðarhúsi og byggjast varnir á því að geta ráðið niðurlögum elds á byrjunarstigi. Að öðrum kosti verður að biða eftir aðstoð slökkviliðs frá Norðfirði eða Öryggismiðstöðinni að Hrauni.
- Slökkvilið Fjarðabyggðar aðstoðar nágrennaslökkvilið, Brunavarnir á Austurlandi og Slökkvilið Breiðdalshrepps. Yfirlit yfir samninga við þessi slökkvilið er í viðauka 6.

## **4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð**

TETRA samband er á öllu svæði slökkviliðsins og er aðal samskiptabúnaður liðsins, ásamt GSM sínum. Slökkviliðið hefur sérstakan útkalls- og vinnutalhóp í TETRA, eins og önnur atvinnulið. TETRA samband og GSM samband er í Fáskrúðsfjarðargöngum en ekki í Oddskarðsgöngum. Í Fáskrúðsfjarðargöngum er VHF samband á einni rás inni í göngunum. VHF tíðni er notuð í samskiptum við reykkafera. Í Öryggismiðstöðinni að Hrauni er aðalstjórnstöð slökkviliðsins og almannavarna og þar er allur síma- og fjarskiptabúnaður ásamt tölvukerfi tengdur tölvukerfi Fjarðabyggðar. Öll rafræn gögn eru vistuð þar í hýsingu hjá viðurkenndum þjónustuaðila og afrit eru tekin með reglubundnum hætti.

Neyðarsvörun er í höndum Neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um alla slökkviliðsmenn í Fjarðabyggð. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á úkallslista fyrir mannskap og tæki á miðlægum grunni Neyðarlínu og uppfærir hann reglulega. Neyðarlínan sér um að kalla út slökkviliðið og sjúkraflutningamenn með SMS/SDS skilaboðum. Hlutverk slökkviliðs í almannavá er skilgreint í Neyðarskipulagi Almannavarna í Fjarðabyggð.

### **4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf**

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum almannavarna. Helstu aðstæður sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru vegna snjóflóða, mengunarslysa og meiriháttar bruna eða rýminga á heilbrigðisstofnunum eða öðrum stöðum þar sem fjölmenni er saman komið.

### **4.2. Svar- og greiningartími**

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3,7 sek. og greiningartími er allt að 90 sek. eftir eðli útkalls. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna, ásamt því að uppfæra upplýsingar eftir þörfum.

### **4.3. Boðunartími**

Fyrsti slökkvibíll frá Öryggismiðstöð að Hrauni skal vera kominn úr stöð innan tveggja mínútna frá útkalli, mannaður að lágmarki tveimur mönnum. Gert er ráð fyrir að lágmarki 7 menn mæti í útkall innan 10 mínútna. Í álveri Alcoa Fjarðaáls geta komið allt að 9 menn af vakt úr slökkviliði álversins í útkall. Þar að auki er hægt að kalla út menn úr slökkviliði álversins sem eru á frívakt, hvort sem er vegna atburðar í álveri eða utan lóðar þess. Þegar slökkviliðseining álvers er kölluð út, fá allir liðsmenn þess sömu SMS boð.

Á öðrum slökkvistöðvum er miðað við að fyrsti bíll sé farinn úr stöð innan fimm mínútna. Þar er gert ráð fyrir að alltaf mæti að lágmarki 8 - 10 menn í útkall innan 10 mínútna.

Allir slökkviliðsmenn eru boðaðir út með SMS boðum. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn í álveri eru sérstök vettvangseining í Bjargir 112 og fá skuggaboð af öllum útköllum sem slökkviliðið fær og tilheyra álverslóð. Ef þörf er á slökkviliðsmönnum utan lóðar, eru þeir boðaðir sérstaklega sem útkallseining.

### **4.4. Virkjunartími**

Í slökkvistarfi er miðað við að vatn sé komið á stút innan 60 sek. frá því að dælubíll stöðvar við eldstað. Er þessi ferill æfður og tímatekinn reglulega. Miðað er við að slökkvistarf sé komið í gang innan þriggja mínútna frá því að slökkvilið kemur á vettvang og að lágmarki fimm slökkviliðsmenn mættir.

#### 4.5. Viðbragðstími

Viðbragðstíma er skipt upp í þrjú tímabelti og flokka samanber Viðauki 2. Í fyrsta tímabeltinu, flokki I, eru aðgerðir hafnar innan 10 mín. frá boðun (grænt), í tímabelti tvö, flokki II; eru aðgerðir hafnar innan 20 mín. (gult) og í þriðja tímabeltinu, flokki III, eru aðgerðir hafnar innan 30 mín. (rautt). Þessi tímabelti eru sýnd á meðfylgjandi korti í Viðauki 2. Þar sem viðbragðstími slökkviliðs er lengri en 30 mín. er séð til þess að fólk sé upplýst um mikilvægi slökkvitækja, reykskynjara og rýmingarleiða.

Áætlaður akstur tími frá Hrauni til Eskifjarðar er átta mínútur en fjórar mínútur á Reyðarfjörð

Áætlaður akstur tími slökkvibíla á milli slökkvistöðva, þ.e. frá næstu stöð, er um 20 – 35 mínútur við bestu aðstæður. Gert er ráð fyrir gagnkvæmu viðbragði til aðstoðar frá útkallseiningum Slökkviliðs Fjarðabyggðar þegar þörf er á.

## **5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður**

Litið er á allan búnað Slökkviliðs Fjarðabyggðar sem heild og liðið kemur fram sem eitt afl. Þetta er gert til þess að sem best nýting fái úr búnaði liðsins og því fjármagni sem veitt er til búnaðarkaupa. Afskriftarreglur og fjármögnunarstefna er í samræmi við almennar reglur og samþykktir. Laus búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

Áætlaður rekstrarkosnaður slökkviliðsins 2016 er um 250 milljónir.

### **5.1. Húsnæði**

Slökkvistöðvar Slökkviliðs Fjarðabyggðar eru fjórar talsins :

#### **Norðfjörður (73-200), Egilsbraut 3**

Byggingin er að hluta steinsteypd og að hluta bárujárnsklædd, byggð árið 1928 og er 324 m<sup>2</sup>. Húsnæðið var gert upp 1998. Húsnæðið er á tveimur hæðum að hluta og er kaffi- og fundaraðstaða á efri hæð.

Aðstaða er í dag fyrir þrjá bíla. Hlíðarfatnaður, búnaður til hleðslu loftkúta og annar búnaður er á neðri hæð en fundaraðstaða á efri hæð. Í stöðinni er geymdur dælubíll, tankbíll og sjúkrabíll.

#### **Reyðarfjörður (73-100), Hraun 2**

Höfuðstöðvar og stjórnstöð Slökkviliðs Fjarðabyggðar eru í Öryggismiðstöðinni að Hrauni 2 á Reyðarfirði. Þar situr aðgerðarstjórn almannavarna þegar slíkt ástand skapast.

Slökkvistöðin var byggð 2007 og er 1083m<sup>2</sup> að stærð. Húsið er stálgrindarhús með samlokueiningum. Í húsinu er bílgeymsla fyrir tíu bíla, starfsmannaáðstaða, aðstaða til hleðslu loftkúta, snyrtingar, kennsluáðstaða, líkamsrækt og viðgerðaraðstaða.

Á Hrauni eru fjórir dælubifreiðar, ein stigabifreið, tækjabifreið fyrir tæki og menn og þrjár sjúkrabifreiðar, kerrur með loftbanka og reykköfunartækjum ásamt sérútbúinni kerru með búnaði fyrir eiturog spilliefni. Þá er þar varðstjórabíll og slökkviliðsstjórabíll, báðir með búnað til forgangsaksturs og fyrstu viðbragða á vettvangi.

#### **Slökkvistöðin Fáskrúðsfirði (73-300), Grímseyri 7**

Húsið er byggt árið 2005, 535 m<sup>2</sup> og er að hluta til á tveimur hæðum. Í húsinu er aðstaða fyrir fimm bíla auk búnaðar. Fundar- og kaffiaðstaða er á efri hæð auk geymslu. Á neðri hæð eru auk bílgeymslu, skápar fyrir hlífðarfatnað, snyrtingar, skrifstofa og aðstaða til hleðslu loftkúta.

Á stöðinni er dælubíll, tankbíll og sjúkrabíll. Þar eru að auki geymdir tveir gamlir slökkvibílar (fornbílar).

#### **Slökkvistöðin á Stöðvarfirði (73-400), Fjarðarbraut 40**

Húsnæðið er leiguhúsnæði, byggt um 1970 úr steinsteypu og er gólfhlötur u.þ.b. 100 m<sup>2</sup>, eitt opið rými. Aðstaða er fyrir tvö ökutæki en aðeins ein útkeyrsluhurð. Í salnum eru fataskápar fyrir hlífðarfatnað slökkviliðsmanna, lausar dælur og annar búnaður og aðstaða til hleðslu á loftkútum. Engin snyrti- eða starfsmannaáðstaða er í stöðinni. Á þessari stöð er einn dælubíll og tækjabíll (gamall sjúkrabíll) með klippubúnaði og reykköfunartækjum.



5.2. Bifreiðar.

Númer	Tegund				Vatn ltr	Froða ltr	Háþr l/min m.v. 40 bar	Lágþr l/min m.v. 8 bar	Reykkt. stk	Klippur	Rafstöð kW	Ljósamast	Mónitor l/min	Laus dæla l/min	Annað
	Gerð	Skrán.nr	Árg	Sæti											
73-131	<b>Man 4x4</b>				4.000	200	400	3.200	4	já	6	já	2.400		Spil 4t
	Dælu/tækjab	LH-471	2000	5										800	
73-132	<b>Iveco 4x4</b>				5.000	500	-	3.600	-	-	2,5	já	2.000		
	Dælubíll	SI-525	1979	2											
73-133	<b>Ford 600</b>				2.000	50	400	2.800	-	-	-	-	-		
	Dælubíll	EA-850	1973	3											
73-134	<b>M.Benz Actros</b>				5.000	500	400	3.400	4	-	-	-	2.900		
	Dælubíll	EX Y41	2002	2									1.200	ABC 250kg	
73-151	<b>Mercedes Benz</b>				-	-	-	5.000	-	-	-	-	2.000		
	Stigabíll	BS-937	1991	2											
73-161	<b>Ford Econline</b>				-	-	-	-	-	-	-	-	-		
	Mannflitn	MC-399	1988	3											
73-171	<b>MMC L200 Intense</b>														
	Slökkvistjóri	OF-203	2007	5											
73-172	<b>Nissan Qasqai 4 x 4</b>														
	Varðstjóri	ZD-M04	2012	5											
73-231	<b>Renult Kerax 4x4</b>				4.000	200	400	4.200	4	já	20	já	3.200		
	Dælu/tækjab	VA-625	2006	7										800	
73-241	<b>Scania 81</b>				11.000	-	-	-	-	-	-	-	-	1.800	
	Tankbíll	FO-061	1981	2											
73-331	<b>Scania P 420 4x4</b>				4.000	200	400	4.200	4	-	?	já	3.200		
	Dælu/tækjab	UE-798	2006	7										800	
73-332	<b>Bedford</b>				2.000	-	-	4.200	-	-	-	-	-		
	Dælub forn	U-1485	1962	5											
73-351	<b>Man 26.321</b>				14.000	-	-	-	-	-	?	-	-	1.200	
	Tankbíll	GT-245	1982	3											
73-361	<b>Chevrolet c-15a</b>				-	-	-	-	-	-	-	-	-		
	Fornbíll	U-908	1944	2											
73-431	<b>Man 9150 4x4</b>				3.000	150	?	2.400	2	-	-	-	-		
	Dælubíll	TY-780	1991	3										1.000	
73-471	<b>Chervolet Surburban</b>				-	-	-	-	2	já	-	-	-		
	Tækjabíll	GE-441	1981	4											

5.3. Búnaður

Yfirlit yfir búnað slökkviliðsins er vistað í rafrænu skjalakerfi Fjarðabyggðar. Hann er uppfærður reglulega og að lágmarki einu sinni á ári. Árlega er afriti af honum skilað til Mannvirkjastofnunar ásamt fleiri upplýsingum er varða rekstur slökkviliðsins. Laus búnaður er endurnýjaður og bætt við hann eftir því sem þörf krefur. Álverið sér um allan hlífðarfatnað

fyrir útkallseiningu sína og annan sérhæfðan búnað, en hann er talinn upp í búnaðarlista slökkviliðsins.

#### 5.4. Fjarskipti

Tetra handstöðvar eru aðal samskiptamáti slökkviliðsins. Einnig er notast við VHF fjarskipti á lokuðum rásum slökkviliðsins fyrir reykkafara. Hægt er að hafa samskipti við björgunarsveitir og lögreglu um VHF tíðni og notast er við endurvarpa almannavarna og björgunarsveita. Allir slökkviliðsmenn hafa GSM síma sem þeim er lagður til.

• Samskiptabúnaður fyrir reykkafara Interspiro	10 stk
• Samskiptabúnaður fyrir reykkafara innbyggður Fenzy	8 stk.
• Samskiptabúnaður fyrir reykkafara m/hálsól	5 stk.
• TETRA handstöðvar slökkviliðs	11 stk.
• TETRA handstöðvar í sjúkrabílum	8 stk.
• TETRA fastar stöðvar í sjúkrabílum	4 stk
• Fastar talstöðvar TETRA að Hrauni 2	1 stk
• VHF stöðvar	23 stk
• Farsímar (vegna SMS boðunar) eru í eigu slökkviliðsins.	80 stk
• Farsímar í eigu Alcoa Fjarðaáls v/slökkviliðs þeirra	43 stk

#### 5.5. Viðvörðunarbúnaður

Hægt er að notast við hljóðgjafa og hátalarakerfi slökkvi-, sjúkra-, lögreglu- og björgunarsveitarbíla. Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við Almannavarnir og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum Almannavarna.

#### 5.6. Æfingasvæði

Æfingasvæði er til bráðabirgða á hafnarsvæðinu (Mjóeyrarhöfn) við Hraun 2. Þar eru meðal annars reykköfunargámur og olíuþró til æfinga í olíueldum og froðulögn. Að öðru leiti er notast við þau svæði, húsnæði og aðstöðu sem í boði eru hverju sinni og best henta. Koma þarf upp viðurkenndu æfingasvæði til frambúðar í nágrenni stöðvarinnar.

#### 5.7. Annað

Slökkviliðið sér um sjúkraflutninga í sveitarfélaginu. Slökkviliðið hefur til umráða fjóra sjúkrabíla frá RKÍ. Einn er á Norðfirði, tveir á Hrauni og einn á Fáskrúðsfirði. Að auki er einn sjúkrabíll í umsjá slökkviliðsins að Hrauni og er varasjúkrabíll fyrir Austurland.

## 6. Landupplýsingar

Landfræðilegt þjónustusvæði Slökkviliðs Fjarðabyggðar nær frá sveitarfélagamörkum Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar á miðjum Fagradal, sveitarfélagamörkum Seyðisfjarðar og Fjarðabyggðar á fjallseggjum á milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar og sveitarfélagamörkum Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar í Kambaskriðum. Í sveitarfélaginu eru sex þéttbýliskjarnar:

Mjóifjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.

GPS staðsetningartæki eru í sjúkrabílum slökkviliðsins. Slökkviliðsmenn eru þar að auki vel staðkunnugir í sveitarfélaginu og rata um vegi þess. Á slökkvistöð og í slökkvibílum eru til taks kort af svæðinu ásamt götukortum þéttbýliskjarna og er notast við þau ef á þarf að halda. Unnið er að því að koma í slökkvibílana staðháttalýsingum af hverjum sveitabæ með upplýsingum um vatnsból og helstu hættur. Jafnramt að endurbæta kort sem sýna staðsetningu og afkastagetu brunahana.

## 7. Vatnsból og brunahanar

Í Mjóafirði er enginn brunahani, en stutt er í sjó og læki. Aðstæður til vatnsöflunar eru víðast hvar nokkuð góðar.

Á Norðfirði eru 30 brunahanar með 5 - 7 bar vatnsþrýstingi. Stofnlögn er frá 400 mm. niður í 280 mm. en dreifilagnir frá 200 mm. niður í 70 mm. Vatni er dælt frá borholum í Fannardal í lítinn miðlunartank þar. Þaðan er það sjálfrennandi að 600 m<sup>3</sup> birgðageymi ofan við Blómsturvellu og úr honum sjálfrennandi í bæinn. Í Norðfjarðarsveit eru 4 brunahanar á stofnlögn veitunnar sem þjóna öllum sveitabæjum. Sjálfvirkt varaafli er á dælustöð í Fannardal.

Á Eskifirði eru 22 brunahanar með 5 - 7 bar vatnsþrýstingi. Vatnslagnir eru frá 200 mm. niður í 70 mm. Vatn er sjálfrennandi í og úr birgðageymi. Að auki er hægt að dæla vatni um 280 mm. lögn inn á kerfið frá varavatnsbóli (borholum) við Eskifjarðará. Slík dæling er sjálfvirkt virkjuð ef skortur er á vatni (þrýstingur fellur á dreifikerfi). Varaafli er ekki til staðar.

Á Reyðarfirði eru 15 brunahanar með 4 - 8 bar vatnsþrýstingi. Stofnlagnir eru 280 mm. Dreifilagnir eru frá 200 mm. niður í 70 mm. Vatni er dælt í 1.200 m<sup>3</sup> birgðageymi og er þaðan sjálfrennandi í bæinn. 280 mm. stofnlögn liggur að álverslóð og þar eru tveir 600 m<sup>3</sup> birgðageymar fyrir slökkvivatn. Vatnstökusvæði eru tvö og dælt frá þeim báðum með rafmagnsdælum. Sjálfvirkt varaafli er á báðum stöðum.

Á Fáskrúðsfirði eru 11 brunahanar með vatnsþrýsting upp á 2 - 6 bar. Einnig eru brunastútar á 18 stöðum í bílageymslum húsa í bænum. Vatni er dælt frá vatnstökusvæði við Dalsá að 400 m<sup>3</sup> birgðageymi sem staðsettur er í miðri íbúabyggð. Frá honum er sjálfrennandi vatn í neðri hluta byggðar en dælt á efri hlutann. Vatnslagnir eru frá 180 mm. niður í 70 mm. Varaafli er ekki til staðar hjá vatnsveitu en Rarik er með varaaflostöð á Fáskrúðsfirði.

Á Stöðvarfirði eru 8 brunahanar með 2 - 6 bar vatnsþrýstingi. Vatnslagnir eru allt frá 180 mm. niður í 70 mm. Vatn er sjálfrennandi í og úr 700 m<sup>3</sup> birgðageymum sem eru ofan byggðar. Varaafli er ekki til staðar og ekki þörf á því vegna vatnsveitu.

Vatnsveita Fjarðabyggðar ber ábyrgð á viðhaldi brunahana en Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur eftirlit með þeim. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Vatnsveitu Fjarðabyggðar. Í öllum þéttbýliskjörnum er hægt að komast í önnur vatnsból en brunahana, til dæmis sjó og læki.

## **8. Sérstakar bruna- eða mengunarhættur**

Stærstu áhættur í sveitarfélaginu skal brunahanna, brunahólfa og verja með sjálfvirku brunaviðvörðunarkerfi og vatnsúðakerfi til að tryggja árangur í slökkvistarfi.

Að mati slökkviliðsstjóra ráða útkallseiningar þess, með búnaði sínum, við brunahólf sem eru allt að 2.000 m<sup>2</sup> án sérstakra einkabrunavarna. Þá er reiknað með tilskilinni brunahólfun og eðlilegu brunaálagi. Fyrir flóknari mannvirki og meira brunaálag skal gera brunatæknilega hönnun og miða við að slíkt viðbragð ráði við þá áhættu og stærð brunahólfa sem þá um ræðir. Gert er ráð fyrir að viðbragð frá öðrum slökkvistöðvum sé kallað samtímis út, til aðstoðar vegna elds í stærri áhættum.

Sem dæmi má nefna að samkvæmt brunahönnun fiskiðjuvers SVN (M1) er vatnsþörf slökkviliðs 1.784 l./mín. og vatnsúðakerfið þarf 4.742 l./mín. miðað við stærsta brunahólf hússins (6.800 m<sup>2</sup>).

Það er mat slökkviliðsstjóra að Slökkvilið Fjarðabyggðar ráði við eld í stærri brunahólfum en 2.000 m<sup>2</sup> enda hafi þar verið gerðar sérstakar ráðstafanir af eiganda mannvirkis. Þar má nefna m.a. viðvörðunarkerfi og vatnsúðakerfi. Slík mannvirki, þó háð brunaflokki, skulu ávallt vera sérstaklega brunahönnuð og niðurstaða hönnunar samþykkt af slökkviliðsstjóra.

Viðbragðstími útkallseininga Slökkviliðs Fjarðabyggðar er að jafnaði stuttur. Stórar áhættur eru hlutfallslega fáar og staðbundin þekking slökkviliðsmanna á byggingum mjög góð. Þetta hefur veruleg áhrif á getu slökkviliðsins til að ráða við áhættur í sveitarfélaginu.

Í þeim tilfellum sem áhættur eru stórar með tilliti til búnaðar og fjölda slökkviliðsmanna, er gerð krafa um ríkari viðbúnað eiganda mannvirkis. Með kröfu um brunatæknilega hönnun mannvirkis og samtali hönnuða og slökkviliðs á framkvæmdatíma, er tryggt eins og unnt er að viðbúnaður slökkviliðsins að viðbættum einkabrunavörnum í viðkomandi mannvirki, dugi til að slökkviliðið ráði við áhættuna.

Hver útkallseining slökkviliðsins er með dælugetu frá 4.000 – 20.000 l./mín. Slökkviliðsmenn eru frá 15 – 28 á hverri stöð. Viðbragð frá næstu einingu liðsins er um 20 – 40 mínútur að koma til aðstoðar og jafnvel tekur styttri tíma að fá aukinn mannskap á staðinn. Við útkall í eld í stærri áhættum og/eða ef aðstæður gefa tilefni til, eru fleiri en ein eining ræst út samtímis.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir helstu bruna- og mengunaráhættum sem upp eru taldar í kafla 1. Markmið slökkviliðsins er að eiga búnað, tæki og hafa yfir að ráða mannafla til að ráða við þær áhættur sem eru á starfssvæði þess. Þá er miðað við eðlilegar aðstæður og að brunavarnir húsa séu í lagi (skv. samþykktum uppdráttum). Ef áhættur eru stærri en svo að slökkviliðið telji sig ráða við bruna í þeim, er gerð krafa á húseganda um auknar brunavarnir (einkabrunavarnir). Ávallt er gert ráð fyrir að slökkvistöðvar Slökkviliðs Fjarðabyggðar vinni saman við stærri atburði og fljótlegt er að kalla til aðstoð frá næstu stöð, bæði dælubíla og mannafla. Einn stjórnandi er ávallt á bakvakt, sinnir útköllum á öllu starfssvæði slökkviliðsins og samræmir aðgerðir.

### **Norðfjörður**

#### ***Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað - Mýrargötu 20***

Byggingarnar eru tvö aðskilin brunahólf með eldvarnarhurðum á milli hólfa. Eldri hlutinn er á þremur hæðum alls 1.367 m<sup>2</sup>, byggður 1957 og endurbyggður 2006. Nýrri hlutinn byggður 1980 er 3.014 m<sup>2</sup>, tvær hæðir og tveir kjallarar. Húsið er fimm brunahólf auk tæknirýmis og lyftustokks sem eru sérhólf.

Reikna má með tæplega 50 sjúklingum og vistmönnum í húsnæðinu öllu auk 60 starfsmanna. Gerður hefur verið brunavarnaruppdráttur af öllu húsnæðinu og rýmingaráætlun er til.

Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í öllu húsinu. Æfingar hafa verið haldnar með starfsfólki auk þess sem slökkviliðsmenn hafa æft aðkomu og viðbrögð við eldi í húsinu. Þegar vá ber að höndum hjá Heilbrigðisstofnuninni er unnið eftir neyðaráætlun stofnunarinnar sem er uppfærð reglulega.

Niðurstaða: Brunavarnir hússins eru í góðu lagi og hafa nýlega verið endurbættar og uppfærðar. Aðkoma að húsinu er góð og stutt í fjóra brunahana. *Ef eldur kviknar í stofnuninni má ætla að um almannavarnarástand sé að ræða og aðstoðar verði þörf frá almannavarnarnefnd, björgunarsveitum og RKÍ.*

#### ***Fiskiðjuver Sildarvinnslunnar - Hafnarnaust 6***

Stálgrindarhús frá Butler byggð 2002 úr PIR einingum en seinni viðbyggingar steiptar. Elsti hluti hússins sem er steinsteypur frá 1982 hýsir nú vélasal og verkstæði o.fl. Húsnæðið samanstendur af þremur brunasamstæðum sem síðan mynda sjö brunahólf, alls um 10.000 m<sup>2</sup>. Þá eru 10.000 m<sup>2</sup> kæli- og frystigeymslur úr stálgrind og PIR einingum við hlið fiskiðjuversins. Í þessum húsum starfa alls um 70 manns. Það er ljóst að vatnsþörf getur orðið mikil ef eldur verður laus. Húsið stendur við sjó þannig að hægt er að komast í mikið vatn á skömmum tíma. Brunaviðvörðunarkerfi og öflugt vatnsúðakerfi er í húsunum. Ekki eru önnur hús í næsta nágrenni og aðkoma slökkviliðs er góð. Ammoníak er notað í kælitækjum í húsinu, alls um 25 tonn. 4.000 ltr. vatnsgeymir er á lóð hússins og brunadæla frá honum til að fæða vatnsúðakerfi hússins en auk þess eru vatnsinntök í húsinu mörg og sver.

Niðurstaða: Brunavarnir eru góðar, húsin eru vel varin og aðgengi slökkviliðs mjög gott. Hægt er að komast inn í húsin frá mörgum stöðum. Vatnsöflun er auðveld og stutt í gjöfula brunahana og sjó af bryggjum. Vatnslagnir að húsunum eru 150 mm. og 280 mm. stofnlögn vatnsveitu liggur við lóðarmörk húsa. Verið er að fjölga brunahönum umhverfis húsið.

#### ***Loðnuverksmiðja Sildarvinnslunnar Strandgötu 77 - 79***

Nokkuð stór vinnustaður en þar starfa alls um 30 manns. Ekki eru allir við vinnu á sama tíma þar sem um vaktavinnu er að ræða. Starfsemin er í tveimur húsum byggðum 1975, en auk þess er mjölgeymsla ásamt mjölturum sambyggð verksmiðjuhúsi. Húsin eru fimm brunahólf, samtals 3.654 m<sup>2</sup>. Miklar úrbætur hafa verið gerðar í brunahólfun samhliða öðrum endurbótum. Einnig hefur verið gerð viðbúnaðaráætlun vegna eiturog spilliefna sem notuð eru í verksmiðjunni og reglulega er uppfærður listi yfir slík efni. Brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu.

Niðurstaða: Aðgengi slökkviliðs er gott. Stutt er í tvo gjöfula brunahana og sjór er við hliðina á verksmiðjunni. 280 mm. stofnlögn Vatnsveitu er í götunni við verksmiðjuna og þrýstingur í lögnum er góður.

#### ***Olludreifing birgðastöð - Naustahvammi***

Birgðastöðin hefur geymslurými fyrir um 800.000 tonn af skipagasolíu, svartolíu og gasolíu. Svæðið uppfyllir að mestu leyti nýjustu kröfur um öryggi og er því í nokkuð góðu ástandi. Það er afgirt og áfylling bíla er á steiptu plani við stjórnhús við innkeyrslu í portið. Langt er í næstu byggingar. Eingöngu er geymd olía í geymum stöðvarinnar.

Niðurstaða: Aðkoma er góð og stutt í gjöfula brunahana. Auðvelt og stutt að komast í sjó til frekari vatnsöflunar. Lekapróm umhverfis geyma uppfyllir reglugerð.

#### ***Nesskóli – grunnskóli - Skólavegi 9***

Elsti hluti skólans er byggður 1930 en um og eftir aldarmót var byggt við hann. Alls er húsið um 3.500 m<sup>2</sup> og fjögur brunahólf. Starfsmenn eru um 40 og nemendur um 200. Brunavarnir í húsinu eru góðar. Vatnsúðakerfi er í rýmingarleiðum í nýrri hluta byggingarinnar og sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi tengt viðurkenndri stjórnstöð er í henni allri. Brunahólfun er góð.

Niðurstaða: Aðkoma að skólanum er góð og eru tveir brunahanar við hann. Koma þeir frá sitt hvorri stofnæðinni þannig að öflun vatns telst góð. Rýmingaráætlun er til fyrir húsið og er æfð árlega undir stjórn Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

#### ***Verkmenntaskóli Austurlands - Mýrargötu 10***

Vinnustaður þar sem er um 30 starfsmenn og um 160 nemendur. Í austurenda eldra hússins er Náttúrustofa Austurlands og Rannsóknarstofnun Fiskiðnaðarins með starfsemi sína og er sérstakt brunahólf. Húsið er í heild fimm brunahólf og samtals 2.725 m<sup>2</sup>. Unnið er að því að bæta brunavarnir þess samhliða öðrum endurbótum. Húsnæðið er á þremur hæðum að hluta, þ.e. sá hluti sem byggður var 1980. Eldri hlutinn er á einni hæð með litlum geymslukjallara undir litlum hluta hússins. Öll verkleg kennsla fer fram í Verkkennsluhúsi sem er ekki tengt aðalskólahúsinu.

Niðurstaða: Brunahólfanir eru góðar. Aðgengi slökkviliðs er gott og stutt er í þrjá brunahana. Rýmingaráætlun er til fyrir húsið og er æfð árlega með slökkviliðinu. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu.

#### ***Fjölnota íþróttahús - Mýrargata 10b***

Húsið er íþróttahús ásamt þjónustubyggingu og er sambyggt verkkennsluhúsi Verkmenntaskóla Austurlands. Þar fer fram kennsla í rafmagnsfræðum, trésmíðum og málmíðnæðargreinum. Í sérstöku brunahólfi er kyndistöð fjarvarmaveitu ásamt tilheyrandi spennistöð. Húsið er 3.147m<sup>2</sup> er samtals fjögur brunahólf.

Niðurstaða: Brunavarnir eru nokkuð góðar og hólfanir einnig. Aðkoma að húsinu er góð. Stutt er í næsta brunahana. Rýmingaræfingar eru haldnar reglulega í samstarfi við slökkvilið.

#### ***Heimavist Verkmenntaskóla Austurlands - Nesgata 40***

Steinsteypt hús byggt 1989 og viðbygging 1994, alls með 30 tveggja manna herbergjum á þremur hæðum. Stærð hússins er 1.807 m<sup>2</sup> í fimm brunahólfum. Í anddyri er móttaka, setustofa og þar til hliðar er íbúð húsvarðar. Flóttaleiðir í húsinu eru samkvæmt reglugerð og því er skipt upp í brunahólf samkvæmt gildandi kröfum. Húsið tekur um 60 manns í gistingu og matsalur er fyrir 100 manns. Húsið er notað sem hótél yfir sumartímann.

Niðurstaða: Ekki eru miklar líkur á eldsvoða og hólfanir eru góðar. Aðkoma að húsinu er góð. Stutt er í vatnsból og stutt í næsta brunahana. Rýmingaræfingar eru haldnar reglulega í samstarfi við slökkvilið.

## **Eskifjörður**

#### ***Loðnuverksmiðja Eskju***

Vinnustaður með 28 starfsmönnum en ekki eru allir starfsmenn við vinnu í einu þar sem unnið er á vöktum. Húsið er 3.147 m<sup>2</sup> og fimm brunahólf. Mjölhús, um 1.300 m<sup>2</sup> er áfast verksmiðjunni auk nokkurra annarra viðbygginga svo sem ketilrými, verkstæði og rými fyrir rafskautaketill. Hvert rými er sérstakt brunahólf. Tvö vatnsúrtök eru í verksmiðjunni þar sem hægt er að tengja slöngur slökkviliðs. Brunahani er við verksmiðjuna. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í byggingunni og brunahólfun er nokkuð góð. Þá eru einnig brunaslöngur og slökkvitæki staðsett víða í verksmiðjunni.

Niðurstaða: Brunahólfun hússins er góð og aðstaða til slökkvistarfs viðunandi. Aðgengi er þokkalegt. Stutt er í vatnsöflun, bæði brunahana og í sjó.

### **Grunnskóli Eskifjarðar - Lambeyrarbraut 14**

Skólinn er byggður í tveim áföngum, 1984 og 2004. Húsnæðið er alls 4.959 m<sup>2</sup>.og vel skipt niður í fjögur brunahólf. Í húsinu er sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi, brunaslöngur og slökkvitæki skv. gildandi kröfum. Íþróttahús (lítið) er sambyggt skólanum og er sérstakt brunahólf. Ekkert brunaviðvörðunarkerfi er í íþróttahúsinu en þar eru bæði slökkvitæki og brunaslöngur til staðar. Flóttaleiðir eru góðar og merktar.

Niðurstaða: Húsið er vel byggt og allar klæðningar eru í flokki 1. Öllum brunastöðlum hefur verið fylgt við byggingu hússins. Aðkoma er góð. Brunahani er við skólann og stutt er í sjó. Aðstaða til rýmingar er góð. Rýmingaráætlun er til fyrir skólann og er æfð árlega undir stjórn Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

### **Skeljungur birgðastöð - við Leiruvog**

Um er að ræða nýbyggða olúbirgðatanka sem rúma um 900.000 tonn sem eru á uppfyllingu við Leiruvog. Lekaþró er umhverfis geymana og er byggð skv. gildandi stöðlum. Aðkoma er góð að stöðinni á alla vegu. Áfylling á bíla er á sérhönnuðu plani og öllum öryggisstöðlum fullnægt. Búnaður til að dæla froðu í hvern geymi, er til staðar. Ekki er geymt bensín í stöðinni, eingöngu svartolía, skipagasolía og dieselolía.

Niðurstaða: Stöðin er vel afgirt, aðkoma góð og fjarlægðir í önnur mannvirki eru góðar. Öryggiskröfur eru vel uppfylltar og stutt er í brunahana og í sjó.

### **Nótastöð Egersund Island - Hafnargötu 5**

Um er að ræða samtals 3.128 m<sup>2</sup> húsnæði, fjögur brunahólf og að mestu á einni hæð. Eldri bygging byggð 1982 er 1.056 m<sup>2</sup> og viðbygging byggð 2009 að stærð 2.072 m<sup>2</sup>. Starfsmannaaðstaða er á annarri hæð yfir lager og tæknirými. Eldra húsið er einn geimur með um 9 metra lofthæð í mæni, steinsteypt, reyklúgur í þaki og brunaviðvörðunarkerfi. Vatnsúðakerfi er í nýrri hluta hússins. Starfsemin byggir á nótaviðgerðum, trollviðgerðum og nótahóтели en það er sérstakt brunahólf. Stundum getur verið töluvert magn af efnum á lager ásamt veiðarfærum. Starfsmannaaðstaða er innan EI 60 rýmis.

Niðurstaða: Líkur á eldi eru ekki miklar en brunaálag er mikið vegna þeirrar starfsemi sem í húsinu er. Húsið er vel byggt og varið með tilliti til brunavarna og aðgengi slökkviliðs er gott. Stutt er í tvo góða brunahana og einnig í sjó. Í viðauka 8 er slökkviáætlun og áætluð vatnsþörf fyrir húsið.

## **Reyðarfjörður**

### **Grunnskóli Reyðarfjarðar - Heiðarvegi 14a**

Grunnskólinn er byggður í tveimur áföngum. Eldri hlutinn er tvær hæðir auk kjallara, alls þrjú brunahólf. Ný viðbygging (lokið 2006) er á tveimur hæðum sem hvor um sig er sérstakt brunahólf. Húsið er í heild sinni um 3.612 m<sup>2</sup>. Allar kennslustofur eru sérstök brunahólf og húsið uppfyllir kröfur um eldvarnir. Rýmingarleiðir eru góðar og vel merktar. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu.

Niðurstaða: Aðgengi að húsinu er gott. Stutt er í góðan brunahana. Rýmingaráætlun er til fyrir húsið og er æfð árlega undir stjórn Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

### **Olúbirgðastöð Olíudreifingar - Óseyri 2**

Um er að ræða misstóra eldsneytisgeyma sem geyma bensín, gasolíu og svartolíu, alls um 600.000 tonn. Í birgðastöðinni er upphitaður asfaltgeymir í eigu Vegagerðarinnar. Við stöðina er húsnæði þar sem geymdar eru olíuvörur og þar er einnig lítil skrifstofa og stjórnrymi. Við stöðina eru geymdir olúbílar á steypu plani.

Niðurstaða: Birgðastöðin uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru um slík mannvirki í dag. Við löndun á bensíni er staðin öryggisvakt (slökkvilið). Löndunarlagirnir liggja frá nærliggjandi bryggju, undir þekju hafnar og götu en ofanjarðar inn í portið. Slökkviliðið hefur æft viðbrögð við bruna í portinu og fer reglulega yfir öryggisbúnað þar. Í viðbragðsáætlun er m.a. gert ráð fyrir aðstoð frá hafnsögubáti sem er með öfluga brunadælu og mónitor.

### **Molinn verslunarmiðstöð - Hafnargötu 2**

Húsið er um 3.067 m<sup>2</sup>, að hluta á tveimur hæðum, alls fimm brunahólf. Á neðri hæð er um 2.200 m<sup>2</sup> verslunar- og þjónusturými. Á efri hæð eru skrifstofur. Í húsinu er sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi, brunaslöngur og slökkvitæki. Flóttaleiðir eru góðar og aðgengi er gott að byggingunni. Reyklúgur eru á verslunarhluta byggingarinnar og auðvelda allt slökkvistarf.

Niðurstaða: Húsið er nýlegt og brunahólfun er góð. Aðstaða til vatnsöflunar er þokkaleg, bæði frá brunahana og úr Búðará sem stutt er í. Rýmingaráætlun er til fyrir efri hæð hússins og er æfð reglulega.

### **Alcoa-Fjarðaál - Hraun 1**

Um er að ræða álverksmiðju sem framleiðir um 1.000 tonn af áli á dag. Verksmiðjunni er skipt upp í margar einingar. Helstar og stærstar eru tveir samsíða kerskálur, sambyggð þeim eru skautsmiðja, verkstæði, skrifstofur og hreinsivirki auk annara smærri bygginga. Steypuskáli er sérstæð bygging vestan kerskálanna, spennivirki og spennistöð er einnig sérstætt og í góðri fjarlægð frá öðrum byggingum. Þriggja hæða skrifstofu- og þjónustubygging er sérstæð á lóðinni. Gasbirgðastöð tengd álveri er afgirt ofan við Mjóeyrarhöfn við veg frá álveri að höfninni og í góðri fjarlægð frá öðrum mannvirkjum.

Niðurstaða: Unnið er með heitan og bráðinn málm víða um verksmiðjuna. Brunavarnir eru góðar og virkt eftirlit með þeim. Kerfi brunahana er á lóðinni og að lóðinni liggur 280 mm. vatnslögn. Auk þess eru tveir 1.200 tonna brunavatnsgeymar ásamt tvöföldum dælubúnaði (rafmagn og diesel) á lóðinni tengdir kerfinu. Sjálfvirk ræsing er á dælum ef þrýstingur fellur á vatnslögn sem brunahanar tengjast og varaafli á dælum. Víða um verksmiðjuna er óheimilt og beinlínis hættulegt að nota vatn. Duftslökkvitæki af mismunandi stærðum og gerðum eru staðsett víða um verksmiðjuna auk þess sem sérstök kerra er til taks miðsvæðis á lóðinni með um 800 kg af dufti, bæði ABC og D dufti. Slökkvistöð með sólarhringsvakt er við lóðarmörk verksmiðjunnar. Þrjár dælubílar eru sérútbúnir með mikið magn af froðu og dufti til að takast á við eld á verksmiðjulóðinni. Ákveðinn fjöldi starfsmanna álversins er í slökkviliði álversins. Slökkvilið Fjarðabyggðar ber ábyrgð á reglulegri þjálfun þeirra og menntun og þeir vinna undir stjórn slökkviliðsstjóra Fjarðabyggðar skv. samstarfssamningi.

## **Fáskrúðsfjörður**

### **Hraðfrystihús Loðnuvinnslunnar - Hafnargötu 3 - 5**

Stór vinnustaður, stálgrindarhús 4.541 m<sup>2</sup> að stærð, alls fimm brunahólf. Húsið er sambyggt öðrum eldri steinsteyptum byggingum. Því tengist ísverksmiðja sem er fjórar gámaeiningar. Við þessar gámaeiningar er tengd geymsla og vinnuhúsnæði að Hafnargötu 3. Í dag eru þessar byggingar ekki í nægilega góðu ástandi séð frá brunatæknilegu sjónarmiði. Brunahönnun er til fyrir húsið og eftir henni er unnið við endurbætur og breytingar. Ammoníak er notað á frystitæki. Til er viðbragðsáætlun vegna ammoníaksleka. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsinu og er það tengt viðurkenndum vöktunaraðila.



Niðurstaða: Rýmingarleiðir úr húsinu eru góðar og aðkoma góð. Stutt er í sjó til vatnsöflunar. Í dag eru þessar byggingar ekki í nægilega góðu ástandi út frá brunatæknilegu sjónarmiði en stöðugt er unnið að endurbótum. Viðbragðstími slökkviliðs er stuttur og liðsmenn þekkja vel til aðstæðna í húsinu. Aðstaða til vatnsöflunar er góð.

#### ***Fiskimjölsværkssmiðja Loðnuvinnslunnar - Hafnargata 1***

Húsið er stálgrindarhús, 3.934 m<sup>2</sup> að stærð og fimm brunahólf. Við annan gafl hússins eru fjórir stórir mjöltunnar til geymslu á framleiðslu verksmiðjunnar, en við hinn hráefnistankar. Lýsistankar eru aðeins fjær verksmiðjuhúsi og er steypt þró um þá. Sjálfvirkt brunaviðvörnarkerfi er í húsinu og er það tengt viðurkenndum vöktunaraðila.

Niðurstaða: Brunavarnir eru góðar. Hætta á mengun af völdum lýsis eru hverfandi. Aðkoma er góð og rýmingarleiðir góðar. Stutt er í sjó til vatnsöflunar og brunahani er við enda verksmiðjunnar.

#### ***Skólamiðstöð, grunnskóli, leikskóli og tónskóli - Hlíðargötu 56***

Húsið er 3.429 m<sup>2</sup> og fimm brunahólf. Eldri hluti hússins er steinsteypt tveggja hæða bygging, 1.553 m<sup>2</sup> að stærð. Viðbygging, 1.876 m<sup>2</sup>, var tekin í notkun 2009. Í Skólamiðstöðinni geta verið allt að 150 manns á sama tíma. Sjálfvirkt brunaviðvörnarkerfi tengt vöktunaraðila er í húsinu.

Niðurstaða: Brunavarnir og brunahólfun er góð. Rýmingarleiðir eru góðar og aðkoma að húsinu er þökkaleg. Brunahani er við skólann en vatnskerfið á staðnum er frekar lélegt, lítill þrýstingur og vatnsmagn oft lítið. Af þeim sökum er staðsettur stór tankbíl á slökkvistöð á Fáskrúðsfirði. Rýmingaráætlun er til fyrir húsið sem er æfð reglulega undir stjórn Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

#### ***Olíubirgðastöð Olíudreifingar - Hafnargata 3a***

Olíubirgðastöð á ytri hluta hafnarsvæðisins rúmar um 400.000 tonn. Svæðið uppfyllir ekki nýjustu kröfur um öryggi en er þó nokkuð gott. Birgðageymar standa í fjöruborði og því er einungis hægt að komast að þeim frá þremur hliðum. Vindátt getur haft áhrif á mögulegar björgunaraðgerðir. Eingöngu er geymd olía í stöðinni, svartolía, skipagasolía og dieselolía.

Niðurstaða: Portið er girt af og lekapró er umhverfis geyma. Slökkvilið Fjarðabyggðar skoðar aðstæður og öryggisbúnað reglulega. Stutt er í sjó til vatnsöflunar.

### **Stöðvarfjörður og Mjóifjörður**

Engar stórar áhættur.

### **Jarðgöng**

Í dag eru tvenn jarðgöng á starfssvæði Slökkviliðs Fjarðabyggðar.

**Fáskrúðsfjarðargöng** á milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar voru tekin í notkun 2006 og eru 6.400 metra löng með vegskálum. Munnur þeirra við Hrutá í Reyðarfirði er í 65 m.y.s. og munnur við Dali í Fáskrúðsfirði er í um 100 m.y.s. Slökkvitæki og neyðarsímar eru með ákveðnu millibili í göngunum og stjórn- og upplýsingabúnaður er við báða munna. Þaðan er hægt að lesa vindhraða og stefnu í göngum og stýra blásurum og lokunarslám. TETRA samband og gsm símasamband er í göngunum auk einnar rásar fyrir VHF fjarskipti. Útvarpssendingar og öryggismyndavélar eru ekki til staðar. Brunahanar eru ekki í göngunum né slökkvivatn til staðar. Vatnsöflun er erfið þar sem sækja þarf vatn í þær ár sem eru spölkorn frá gangamunnum. Tankbíl er til staðar á slökkvistöð á Fáskrúðsfirði. Þar sem ríkjandi vindátt er til suðurs frá Reyðarfirði til Fáskrúðsfjarðar eru yfirgnæfandi líkur á að slökkvilið

þurfi að sækja inn í göngin frá Reyðarfirði til björgunar- og slökkvistarfa. Viðbragðsáætlun er til fyrir göngin og æfingar eru haldnar reglulega.

Aðkallandi er að gera úrbætur til að tryggja nægilegt slökkvivatn. Gera þarf ráðstafanir þannig að til staðar verði sérhæfður búnaður til björgunarstarfa í jarðgöngum.

**Odds skarðsgöng** eru 640 metra löng og í 620 m.y.s. Þau eru einbreið með tveimur útskotum þar sem bílar geta mæst. Slökkvitæki og neyðarsímar eru með ákveðnu millibili í göngunum. Hurðar eru á báðum endum, jafnan í lokaðri stöðu þegar frost er, en þá er opnun þeirra stýrt eftir umferð. Umferðarljósastýring er á göngunum og rautt ljós logar þegar stórir bílar eru á leið í gegn þannig að þeir þurfi ekki að mæta bíl inni í göngunum. Viðbragðsáætlun fyrir göngin er ekki til.

**Ný Norðfjarðargöng** munu á næstu misserum leysa af hólmi Odds skarðsgöng. Þau verða um 7.900 metra löng með vegskálum. Gangamunni í Fannardal Norðfjarðarmegin er í 125 m.y.s. og mesta gólfhæð í göngum er 175 m.y.s., 2 km frá munna í Fannardal. Gangamunni Eskifjarðarmegin, innan við þéttbýlið, er í 15 m.y.s. Gegnumslag í göngunum var 17. september 2015. Líklegt er að ríkjandi vindátt sé til norðurs, frá Eskifirði til Norðfjarðar. Ef það verður raunin er ljóst að slökkvistöðin á Hrauni á Reyðarfirði gegnir lykilhlutverki í viðbragði vegna jarðganga í Fjarðabyggð. Af þeim sökum verður að vera til staðar búnaður og vel þjálfaður mannskapur til að bregðast við slysum og bruna í jarðgöngum.

Með Fáskrúðsfjarðargöngum og nýjum Norðfjarðargöngum fær Slökkvilið Fjarðabyggðar aukinn slagkraft þar sem byggðarkjarnar tengjast mun betur. Ferðatími á milli slökkvistöðva styttest verulega og veður og færð hafa verulega minni áhrif á möguleika á samnýtingu mannskaps og búnaðar á milli þeirra. Í öllum áætlunum gert ráð fyrir nánu samstarfi á milli þeirra enda er ein stjórn og bakvakt fyrir þær allar.

## 9. Hafnir og mörk þeirra

Hafnarmannvirki eru í öllum byggðakjörnunum sex þ.e. Mjóafjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Reyðarfjarðarhöfn, Fáskrúðsfjarðarhöfn og Stöðvarfjarðarhöfn. Aðal útflutningshöfn sveitarfélagsins er staðsett á Mjóeyri. Olíubirgðastöðvar eru á fjórum stöðum. Á Norðfirði eru 800.000 tonn af olíu, á Eskfirði eru 900.000 tonn, á Fáskrúðsfirði eru 400.000 tonn og á Reyðarfirði eru 600.000 tonn af bensíni og olíu, en það er eina birgðastöðin fyrir bensín.

Samkvæmt hafnalögum er höfn skilgreind sem afmarkað svæði þar sem gerð hafa verið mannvirki til lestunar og losunar á vörum, hverju nafni sem þær nefnast, enda skal notkun hennar öllum heimil gegn ákveðnu gjaldi.

Slökkvilið Fjarðabyggðar sér um slökkvistarf, brunavarnir og viðbrögð við mengunarslysum á hafnarsvæðum í samráði við og samkvæmt samningi við Fjarðabyggðarhafnir.

Gámur (mengunavarnabúnaður til hreinsunar á sjó) er í vörslu slökkviliðsins á Öryggismiðstöðinni Hrauni 2, Reyðarfirði. Slökkviliðinu er tilkynnt um komu olíuskipa og löndun á bensíni á Reyðarfirði er vöktuð.

Nánari upplýsingar um hafnir Fjarðabyggðar er að finna hjá Fjarðabyggðarhöfnum, [www.fjardabyggd.is](http://www.fjardabyggd.is).

### Mjóifjörður:

Heildarlengd bryggjukanta 20 metrar. Dýpi við viðlegukanta er 8,0 metrar. Höfn er lítið notuð.



### Norðfjörður:

Heildarlengd bryggjukanta er 1.059 metrar. Dýpi við viðlegukanta í höfninni í miðbænum er um 6,5 metrar. Í fiskihöfninni er dýpi við flesta viðlegukanta um 9 - 10 metrar. Fiskihöfnin er ein af stærri höfnum á Íslandi vegna löndunar á uppsjávarafla og útskipunar afurða. Um höfnina fara bæði stór fiskiskip sem og stór flutningaskip/tankskip.



### Eskifjörður:

Heildarlengd bryggjukanta er 756 metrar. Einn 130 metra kantur er með 10 metra dýpi, annars er dýpi 7-8 metrar við flesta viðlegukanta. Höfnin er notuð til löndunar á uppsjávarafla og löndun í gáma. Umferð stórra fiskiskipa og stórra flutningaskipa/tankskipa.



### Reyðarfjörður:

Heildarlengd bryggjukanta er 408. Mesta dýpi við kant er 8 m á 80 m kafla. Annars er dýpi 6,5-7,5 metrar við aðra viðlegukanta.

Hafnaraðstaða vegna stóriðju á Mjóeyri í Reyðarfirði var tekin í notkun 2005. Kanturinn er 380 metra langur og er dýpi við hann 14,3 metrar. Á höfninni er m.a. stórt geymslsvæði, búnaður til losunar súrals úr skipum og stór löndunarkrani fyrir gáma. Alcoa Fjarðaál hefur ákveðinn forgang að notkun Mjóeyrarhafnar. Mikil umferð stórra skipa, flutninga- og tankskipa.



**Fáskrúðsfjörður:**

Hafnarsvæðið skiptist í fernt, það er smábátahöfn, farskipahöfn, löndunarhöfn við frystihús og löndunar og útskipunarhöfn við fiskimjölsverksmiðju. Löndunarbryggja innri 40 metra, dýpi 8 metrar. Löndunarbryggja ytri 40 metra, dýpi 8 metrar. Fiskeyrarbryggja 110 metra, dýpi 7 metrar. Hafskipabryggja 132 metra, dýpi 8 metrar. Höfnin er notuð til löndunar á uppsjávarafla og löndun í gáma. Umferð stórra fiskiskipa og stórra flutningaskipa/tankskipa.



**Stöðvarfjörður:**

Hafnarmannvirki á Stöðvarfirði eru á afmörkuðu svæði fyrir miðju þorpínu. Eldri bryggja er við frystihús, nýlegur hafnarkantur út af Hólsskeri og smábátahöfn þar í krika við nýja viðlegukantinn. Aðalbryggjukantur er 80 metra langur og dýpi við er hann um 6,5 metrar.



## **10. Samningar og samstarfsaðilar**

Slökkvilið Fjarðabyggðar hefur gert samninga um samstarf vegna viðbragða við eldsvoðum, slysum og mengunaróhöppum, við slökkvilið í aðliggjandi sveitarfélögum. Einnig er í gildi samningur um brunamál og sjúkraflutninga við Alcoa Fjarðaál, Heilbrigðisstofnun Austurlands um sjúkraflutninga í Fjarðabyggð og Hafnarsjóð Fjarðabyggðar um vöktun á Mjóeyrarhöfn ásamt viðbragði við mengunaróhöppum í höfnum í Fjarðabyggð. Alla samninga má finna í viðauka 6.

Eftirfarandi samningar eru í gildi :

- Samstarfssamningur um brunavarnir í álveri Alcoa Fjarðaáls.
- Samningur um sjúkraflutninga við Heilbrigðisstofnun Austurlands.
- Samningur við Fjarðabyggðahafnir um vöktun á Mjóeyrarhöfn, samkvæmt lögum um siglingavernd.
- Samningur við Fjarðabyggðahafnir um viðbrögð við mengunarslysum, vörslu á búnaði og framkvæmd æfinga.
- Samningur milli Slökkviliðs Fjarðabyggðar og Slökkviliðs Breiðdalsvíkur.
- Samningur milli Slökkviliðs Fjarðabyggðar og Brunavarna Austurlands.

Aðrir helstu samstarfsaðilar slökkviliðsins eru:

- Björgunarsveitir í Fjarðabyggð
- Almannavarnir Fjarðabyggðar
- Lögreglan
- Byggingarfulltrúaembættið í Fjarðabyggð
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Vinnueftirlitið á Austurlandi
- Mannvirkjastofnun
- Neyðarlínan
- Vatnsveita Fjarðabyggðar
- Isavia

## **11. Flugvöllur, varaafsstöðvar**

Rafmagnsveitur ríkisins eru með varaafstöð á Fáskrúðsfirði og Norðfirði. Lítil vatnsaflsvirkjun er á Reyðarfirði.

Flugbraut, (1.200 metra) er á Norðfirði, nánast eingöngu notuð til sjúkraflugs.

Endurvarpar fyrir GSM og TETRA eru víða á svæðinu, m.a. í Fáskrúðsfjarðargöngum. Stöðugt er unnið að endurbótum á þeim og Fjarðabyggð er mjög vel dekkuð með tilliti til fjarskipta með þessum kerfum þó enn séu þekktir dauðir blettir.

## 12. Tillögur til úrbóta og framkvæmdaáætlun

Yfirlit yfir húsnæði og bifreiðar er í kafla 5. Allar áætlanir um endurnýjun og fjárfestingu í búnaði slökkviliðsins eru háðar samþykktri fjárhagsáætlun hvers árs. Á fjárhagsáætlun hvers árs er rekstrarframlag til endurnýunar og viðhalds á þeim búnaði sem þar er talinn upp. Stærri fjárfestingar eru taldar upp í framkvæmdaáætlun.

### 12.1. Húsnæði

**Norðffjörður.** Slökkvistöð er á Egilsbraut 1. Breytingar hafa staðið yfir á húsinu til að koma öllum búnaði fyrir. Ljúka þarf við að breyta burðarvirki þaks og fjarlægja burðarsúlu. Húsið heyrir undir Eignasjóð Fjarðabyggðar og kostnaður kemur því ekki inn á framkvæmdaáætlun slökkviliðsins.

**Stöðvarffjörður.** Leigt er húsnæði á Fjarðarbraut 40 undir slökkvistöð. Engin aðstaða er fyrir slökkviliðsmenn þar heldur einungis um geymslu fyrir bíla og búnað að ræða. Huga þarf að varanlegri slökkvistöð á Stöðvarfirði.

Framkvæmdir við húseignir eru á ábyrgð Eignasjóðs Fjarðabyggðar.

### 12.2. Bifreiðar

Mikilvægt er að endurnýja bifreiðaflota Slökkviliðs Fjarðabyggðar á komandi árum:

- Endurnýja þarf bíl slökkviliðsstjóra 2017.
- Fyrstu dælubílar skulu að öllu jöfnu ekki vera eldri en 15 ára. Næsta bíl þarf að endurnýja ekki síðar en 2018.
- Með tilkomu nýrra Noðfjarðarganga þarf m.a. að tryggja vatnsöflun (tankbílar), menntun/þjálfun og annan nauðsynlegan búnað. Eigandi mannvirkis þarf skv. 24. gr. laga 75/2000 að leggja til auknar varnir þar sem búnaður slökkviliðs er ekki nægjanlegur.

### 12.3. Menntun og búnaður

Ávallt skal þess gætt að :

- Allir slökkviliðsmenn ljúki tilskilinni menntun til löggildingar til að geta sinnt þeim verkefnum sem slökkviliðið sinnir.
- Starfsmenn fái reglulega sí- og endurmenntun.
- Símenntunartími starfsmanna sé vel nýttur til að bæta við þekkingu þeirra í starfi.
- Stöðug uppbygging og endurnýjun verði á slökkvibúnaði.
- Stöðug endurnýjun verði á hlífðarfatnaði og öryggisbúnaði.
- Stöðug endurnýjun verði á reykköfunartækjum og fjarskiptatækjum.
- Brunahönum sé jafnt og þétt fjölgað og þeir eldri endurnýjaðir.

#### 12.4. Framkvæmdaáætlun

Allar áætlanir um endurnýjun og fjárfestingu í búnaði slökkviliðsins eru háðar samþykktri fjárhagsáætlun hvers árs. Stærri fjárfestingar næstu fimm ára eru taldar upp hér en auk þess er á fjárhagsáætlun hvers árs fjármagn til að viðhalda og endurnýja minni búnað.

##### Á árinu 2016

- Endurnýja loftpressu fyrir bíla á Hrauni 1,0
- Kaupa fimm slökkviliðsgalla 1,5

##### Á árinu 2017

- Endurnýja bíl slökkviliðsstjóra 4,0
- Endurbætur á björgunarklippusetnum 2,5
- Hitamyndavél 1,5
- Kaupa fimm slökkviliðsgalla 1,5

##### Á árinu 2018

- Endurnýja dælubíl á Hrauni (18 ára) 60,0
- Endurbætur á björgunarklippusetnum 2,5
- Kaupa fimm slökkviliðsgalla 1,5

##### Á árinu 2019

- Endurbætur á björgunarklippusetnum 2,5
- Hitamyndavél 1,5
- Kaupa fimm slökkviliðsgalla 1,5

##### Á árinu 2020

- Endurnýja varðstjórabíl 3,0
- Endurbætur á björgunarklippubúnaði 2,5
- Kaupa fimm slökkviliðsgalla 1,5

## **Heimildir**

Áhættumat er unnið úr gögnum eldvarnaeftirlits.

Lög um brunamál nr. 75/2000.

Leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar sveitarfélaga september 2001.


## **Dreifingalisti**

- Bæjarstjórn Fjarðabyggðar
- Mannvirkjastofnun
- Brunavarnir á Austurlandi
- Slökkvilið Breiðdalshrepps
- Vegagerð ríkisins - útibú Reyðarfirði
- Alcoa Fjarðaál
- Almannavarnir Fjarðabyggðar
- Lögreglustjórinn á Austurlandi






# Viðaukar

## Viðauki 1 - útkallssvæði



Viðauki 2 - viðbragðstími



### **Viðauki 3 - staða menntunar slökkviliðsmanna**

Slökkviliðsstjóri skal halda skrá um menntun og réttindi allra starfsmanna Slökkviliðs Fjarðabyggðar. Skráin skal vistuð á aðgengilegu formi í skjalakerfi Fjarðabyggðar og uppfærð reglulega og ekki sjaldnar en einu sinni ári.

Slökkviliðsmenn skulu hið minnsta hafa lokið tilskyldu námi til löggildingar slökkviliðsmanna. Kröfur til hvers verkþáttar eru skilgreindar í kafla 3.3.

#### **Menntunaráætlun**

Allir starfsmenn slökkviliðsins og þeir sem skipa slökkvilið álvers Alcoa Fjarðaáls skulu ljúka námi sem krafist er til löggildingar. Að auki skulu þeir sem stunda efnaköfun hafa lokið tilskilinni menntun þar að lútandi. Að lágmarki 60% slökkviliðsmanna skulu hafa réttindi til að stunda reyk- og efnaköfun. Nýliðar skulu hafa lokið fornámi innan 6 mánuða og námi til löggildingar innan 36 mánuða frá ráðningu.

Gert er ráð fyrir að liðsmenn sæki eftirtalda menntun :

Atvinnumannanám;	Sjö menn árið 2016
Vettvangsstjórnunarnámskeið;	Einn maður árið 2016 og einn árið 2017
Stjórnandi hlutastarfandi liðs;	Tveir menn árið 2016 og eftir það að meðaltali einn maður á ári
Mengunarslys (stjórnendur);	Tveir menn árið 2017
Þjálfunarstjóri;	Einn maður árið 2016 og tveir menn árið 2017
Sérstak klippunámskeið vegna björgunar úr bifreiðum;	Tveir menn árið 2017
Námskeið 4;	Tíu menn árið 2017
Endurmenntun slökkviliðsmanna;	2016, 2018 og 2020
Atvinnumannanám;	Þrír menn árið 2020
Þjálfun vegna jarðganga	Þrjátíu og fimm menn árið 2017

## Viðauki 4 - æfingaáætlun slökkviliðs

Dæmi um æfingaáætlun slökkviliðsins. Önnur eins áætlun er gerð fyrir slökkvilið Alcoa Fjarðaáls. Utan við eftirfarandi stundartöflu eru sérhæfðar æfingar fyrir minni hópa innan hverrar útkallseiningar.

**ÆFINGATAFLA JAN - DES 2015 Slökkvilið Fjarðabyggðar**

Hraun Nesk Fásk Stö Breiðd

Æfing	A		B		C		D		E		Samæfing		Stö og BRE saman																
	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	
Janúar				1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	
Febrúar	26	27	28	29	30	31		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22
Mars	23	24	25	26	27	28	29	30	31																				
Apríl										1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	
Mái	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30																		
Júní	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31															
Júlí																													
Agúst	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30													
September	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31							
Oktober	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30					
November	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31		
Des	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	
	30	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	
	28	29	30	31																									

26.jan Reykköfun verkl  
02.feb Reykköfun verkl  
09.feb Reykköfun verkl  
16.feb Reykköfun verkl

23.feb Skyndihjálp  
02.mar Skyndihjálp  
09.mar Skyndihjálp  
16.mar Skyndihjálp

23.mar Vatnsöflun og sl.bókl  
13.apr Vatnsöflun og sl.bókl  
27.apr Vatnsöflun og sl.bókl  
04.mai Vatnsöflun og sl.bókl

11.mai Eiturefni bókl Verkl  
18.mai Eiturefni bókl Verkl  
25.mai Eiturefni bókl Verkl  
01.jún Eiturefni bókl Verkl

07.sep Reykköfun verkl  
14.sep Reykköfun verkl  
21.sep Reykköfun verkl  
28.sep Reykköfun verkl

06.mai Æfing Hrauni verkl reykk  
03.jún Æfing Hrauni

05.okt Klippuæfing  
12.okt Klippuæfing  
19.okt Klippuæfing  
26.okt Klippuæfing

02.nóv Þróun innanhúselds/notk stiga  
09.nóv Þróun innanhúselds/notk stiga  
16.nóv Þróun innanhúselds/notk stiga  
23.nóv Þróun innanhúselds/notk stiga

23.sep Æfing Hrauni  
21.okt Æfing Hrauni

Gerðar eru æfingaáætlanir fyrir hvert ár. Fjöldi æfinga er miðaður við að uppfyllt séu ákvæði laga og reglugerða um æfingatíma og þjónustustig. Öll gögn vegna æfinga, mætinga, reykköfunartíma og útkalla eru geymd á vefsvæði slökkviliðsins sem er afritað og varðveitt skv. reglum sveitarfélagsins um rafræn skjöl. Fastar reglubundnar æfingar eru utan við útgefna áætlun en það eru sérstakar æfingar vakta á þriðjudögum, reglulegar vettvangsferðir í stærri áhættur og símenntun sem er að lágmarki 48 tímar á ári.

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls, sem skipa slökkvilið þess, eru þjálfaðir á ábyrgð Slökkviliðs Fjarðabyggðar. Æfingar þeirra eru einu sinni í viku fyrir hvern vakthóp en þeir eru fjórir. Æfingaplán þeirra er byggt upp á sama hátt og æfingaplán Slökkviliðs Fjarðabyggðar og taka vaktmenn á Hrauni þátt í þeim æfingum.

## Viðauki 5 - kort yfir staðsetningu sveitabæja


Bærir við Mjóafjörð, Norðfjörð, víkur og norðanverðan Reyðarfjörð.



Bær við innanverðan Reyðarfjörð og Eskifjörð



Bær við Stöðvarfjörð, Fáskrúðsfjörð og sunnanverðan Reyðarfjörð



## **Viðauki 6 - samningar**

Eftirfarandi samningar eru undirritaðir og í gildi:

Slökkvilið Breiðdalshrepps vegna aðstoðar.

Brunavarnir Austurlands vegna aðstoðar.

Alcoa Fjarðaál samstarfssamningur um brunavarnir.

Heilbrigðisstofnun Austurlands um sjúkraflutninga í Fjarðabyggð.

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar um vöktun aðkomuhliðs á Mjóeyrarhöfn.

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar um viðbragð við mengunaróhöppum.

Samningarnir eru vistaðir í skjalakerfi Fjarðabyggðar bæði rafrænt og í pappírformi.



## Viðauki 7 - Vatnsverndarsvæði



Vatnsverndarsvæði í Fjarðabyggð, skraveruð með bláum röndum.  
Sjá nánar á heimasíðu Fjarðabyggðar undir aðalskipulag.

